

# Fréttatilkynning vegna fiskeldisfrumvarps

Þessi póstur er sendur til allra fjölmiðla.

Undirritaður hefur sent inn athugasemdir við fiskeldisfrumvarpið sem nú er til meðferðar á Alþingi og gert margar alvarlegar athugasemdir (sjá fskj. nr. 1). Ef frumvarpið verður samþykkt óbreytt munu Íslendingar standa að baki nágrannalöndum í umhverfismálum laxeldis er varðar erfðablöndun, laxalús, heilbrigðismál og lífrænt álag. Það er því full ástæða til að staldra við, láta fara fram faglega vinnu með aðstoð og ráðgjöf erlendra sérfræðinga frá löndum sem standa fremst í umhverfismálum laxeldis.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um stefnumótun í fiskeldi sem fiskeldisfrumvarpið byggir á. Vinnubrögðin samrýmast ekki á nokkurn hátt góðum stjórnsýsluháttum og kunni í ákveðnum tilvikum að fara gegn ákvæðum stjórnsýslulaga. Í þessu sambandi hafa verið teknar saman athugasemdir um vinnubrögð starfshópsins og niðurstöður þeirrar skýrslu sem starfshópurinn skilaði af sér (sjá fskj. nr. 2). Vegna þeirra alvarlegu annmarka sem eru á þeim gögnum sem fyrirliggjandi frumvarp byggir á, hefur verið óskað eftir því að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis taki málið upp, rannsaki og eftir atvikum að nefndin skipi óháða rannsóknaraðila til að yfirfara þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð (sjá fskj. 3.). Svo virðist sem ákveðnir aðilar hafa farið offari í að helga sér svæði til sjókvíaldis á laxfiskum, skipað sig í stefnumótunarhópinum og þar unnið að sínum sérhagsmunum m.a. til að ná fjárhagslegum ávinningi.

Vegna þeirra alvarlegu annmarka við vinnubrögðum starfshópsins hefur þess verið farið á leit við embætti Umboðsmanns Alþingis að það skoði hvort ekki sé rétt að embættið taki málið til meðferðar á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997 um Umboðsmann Alþingis (sjá fskj. nr. 4).

Jafnframt hefur undirritaður gert athugasemdir við svokallað „Áhættumat erfðablöndunar“, sem starfshópurinn byggði niðurstöður sínar að hluta til á (sjá fskj. nr. 5). Áhættumatið hefur fengið mjög takmarkaða faglega gagnrýni í fjölmiðlum, en ítarlega er farið í greinagerðinni yfir vankanta þess en í því er m.a. verið að lögfasta heimild til erfðablöndunar á villtum íslenskum laxastofnum.

Fjölmiðlar eru hvattir til að kynna sér málið vel og jafnframt að viðhafa faglega og góða rannsóknablaðamennsku við umfjöllun sína um þetta mál. Vonandi geta meðfylgjandi gögn nýst við þá vinnu.

Undirritaður hefur starfað við fiskeldi á Íslandi með hléum í um 30 ár, á seinni árum m.a. unnið við umhverfismöt fyrir fiskeldi, komið að gerð reglugerða og laga fyrir fiskeldi. Vegna vinnu minnar á síðust árum tel ég mig hafa ágæta þekkingu á þeim málum sem tekin eru fyrir í meðfylgjandi greinagerðunum. Undirritaður eru reiðubúinn að veita frekari upplýsingar sé þess óskað.